

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3335

Rekstraraðili Olíudreifing ehf. kt: 6606952069	Tegund starfsemi Olíubirgðarstöð	Starfsleyfisnúmer: Gildistími starfsleyfis 31.01.2034
Starfsstöð Þorlákshöfn	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 16. apríl 2026
Starfstöðvarnúmer: 0128	Eftirlitsmaður Kristín Kröyer	Útgáfudagur skýrslu 4.júní 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
------------	--------

Gestur Guðjónsson

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram 2 ný frávik er varða þrýstiprófanir á lögnum og skil á umhverfisupplýsingum.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit - fór fram hjá rekstraraðila þann 16. apríl 2026.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu árið 2025 um útlit geyma. Geymarnir eru ryðgaðir og bæta mætti ásýnd stöðvarinnar. Ekkert hefur verið aðhafst varðandi útlit geymanna.

Rekstrarhandbók:

Farið var yfir rekstrarhandbókina. Ekki er mönnum á stöðinni alla daga og því ekki fyllt í rekstrarhandbókina nema þegar starfsmaður er á staðnum.

Olúskilja:

Á lóð rekstraraðila er olúskilja. Lokað er fyrir flæði í olúskiljuna frá þrónni nema þegar verið er að hleypa vatni úr þrónni. Skiljan er búin sjálfvirkum viðvörðunarbúnaði sem prófaður er á ca. mánaðarfresti. Samkvæmt upplýsingum frá stöðvarstjóra var skiljan síðast tæmd þann 23. janúar 2026 og hafa nýlega verið tekin vatnssýni úr olúskiljunni. Niðurstöður hafa hins vegar ekki borist stofnuninni. Bent var á að taka þarf sýni til efnagreiningar á að minnsta kosti þriggja ára fresti.

Olúskiljan tekur við afrennsli frá mengunarvarnarþrónni, áfyllingarplani rekstraraðila en einnig áfyllingarplani bensinstöðvar N1 sem staðsett er við hlið olíubirgðastöðvarinnar, samtals 125 m². Samkvæmt útreikningum þarf olúskiljan að vera að lágmarki að nafnstærð 2 l/s. Hins vegar er einungis sírennsli í skiljuna frá áfyllingarplönunum og vatn úr mengunarvarnarþrónni hleypt handvirkt út í skiljuna. Mikilvægt er að stýra vatnsflæðinu úr þrónni í skiljuna til þess að rennslis hraðinn verði ekki of mikill og álagið á skiljuna umfram hönnunarstaðal. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er nafnstærð skiljunnar 2,2 l/s sem er umfram lágmarkskröfur.

Þrýstiprófanir:

Síðasta þrýstiprófun var framkvæmd 11. október 2023. Samkvæmt niðurstöðunum eykst hlutfallið á milli þrýstings og hita yfir prófunartímann. Rekstraraðili eða framkvæmdaraðili þrýstiprófunarinnar hafa ekki gefið útskýringar á þessari aukningu. Er það mat stofnunarinnar að lögnin hafi því ekki staðist þrýstiprófunina.

Þykktarmælingar.

Þykktarmælingar voru framkvæmdar á báðum geymum á stöðinni árið 2020.

Geymir T0090 er samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar í slæmu ásigkomulagi að innanverðu. Gólf er alsett tæringu. Tæring yfir viðmiðunarmörkum (3.0 mm) fannst á 4 stöðum. Viðgerðarteymi á vegum olíudreifingar suðu tvöföldunarplötur yfir þessi svæði.

Geymir T0054 er samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar í slæmu ásigkomulagi að innanverðu. Gólf er alsett tæringu og pyttir víða. Minnsta mál 3,6 mm.

Trygging vegna bráðamengunar:

Rekstraraðili sendi stofnuninni afrit af gildu tryggingaskýrteini að eftirlitinu loknu.

Umhverfisupplýsingar:

Umhverfisupplýsingar hafa ekki borist.

Vettvangsskoðun:

Gengið var um svæðið. Olúgeymarnir og lagnir að og frá geymunum eru talsvert ryðguð og ekki falleg ásýndar. Innan lekaþróarinnar voru tveir bambar sem nýttir eru við undantöppun úr geymunum. Opnað var ofan í brunn þar sem lokinn fyrir rennsli vatns úr þrónni í olúskiljuna er staðsettur. Í eftirlitinu var lokinn lokaður. Einnig var opnað og kíkt í brunn sem kemur á eftir sýnatökubrunni olúskiljunnar og var ekkert rennsli í brunninum.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 16. apríl 2026 Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagnir. <i>Hlutfall þrýstings og hita við prófun lögnum 815.60.00 og 815.61.00 hækkaði án þess að útskýring væri gefin.</i>	Opið
gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald	Frávikið var skráð: 16. apríl 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. <i>Umhverfisupplýsingar bárust stofnuninni ekki fyrir 1. maí 2026</i>	Opið

Ábendingar

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu árið 2025 um útlit geyma. Geymarnir eru ryðgaðir og bæta mætti ásýnd stöðvarinnar. Ekkert hefur verið aðhafst varðandi útlit geymanna.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlitið er framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti.

Rekstraraðili hefur tvær vikur frá því að drög eru birt til að koma með athugasemdir við skýrslu.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá útgáfudegi lokaskýrslu til þess að skila úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til áminningar og álagningu dagsekta.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beiingu þvingunarúrræða skv. 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár nr. 1410/2023.